

um lokunarbúða í kaupstöðum, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 17 12, 7. maí 1928 um viðauka við þau lög, er hérmeð staðfest til að öðlast 21. marz þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. marz 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REGLUGJÖRÐ

18

27. marz

um

próf löggiltra endurskoðenda, verksvið þeirra o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 9., 15. júní 1926, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um löggildingu endurskoðenda o. fl.

I. KAFLI.

Löggilding.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra löggildir endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglugjörð þessari.

2. gr.

Umsókn um löggildingu sendist atvinnumálaráðuneytinu ásamt skilríkjum um, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem útheimast til löggildingar samkvæmt reglugjörð þessari, 3. gr. a.—d.

3. gr.

Sá einn getur öðlast löggildingu, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- a) Er íslenzkur ríkisborgari, eða hefir sama rétt, enda sanni umsækjandi þá fyrir prófnefndinni að hann hafi fullnægjandi þekkingu í íslenzkri tungu.
- b) Hefir náð lögaldri.
- c) Er fjár síns ráðandi.
- d) Hefir óflekkað mannorð.

- 18** e) Rekur ekki þá atvinnu aðra, sem atvinnumálaráðherra telur ósam-
27. marz rýmanlega við endurskoðunarstarfsemina.
 f) Hefir staðizt próf samkvæmt reglugjörð þessari.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna prófnefnd, sem rannsakar skilríki umsækjanda og prófar hann ef til kemur. Skulu nefndarmenn skipaðir til 9 ára þannig, að eftir fyrstu 3 árin gengur einn nefndarmanna úr nefndinni eftir hlutkesti og annar eftir 6 ár o. s. frv. Skal þá skipa í nefndina á ný til 9 ára í stað þess sem úr gengur í hvert skifti. Nefndin kýs sér sjálf formann til þriggja ára. Fyrsta prófnefnd öðlast sömu réttindi og tekur á sig sömu skyldur sem löggiltir endurskoðendur.

5. gr.

Prófið er í tvennu lagi — verklegt og bóklegt.

1. Verklegra prófið:

Til að sýna nauðsynlega verklega þekkingu í bókhaldi og endurskoðun, skal umsækjandi senda prófnefnd a. m. k. 4 skýrslur um atriði snertandi bókhald og endurskoðun, sem komið hafa fyrir hann í praktísku lífi við starf hans. Skal það t. d. vera um bókhaldskerfi, framkvæmd almennrar endurskoðunar, tillögur um tilhögun endurskoðunar hjá ákveðnu fyrirtæki, framkvæmd gagnrýningar (kritiskrar) endurskoðunar (t. d. gagnrýning á efnahagsreikningi), efnahagsyfirliti með skýringum til afnota við nauðasamninga umleitanir.

Skýrslum þessum skal fylgja greinargerð umsækjanda um persónulega skoðun hans á efni því, sem um ræðir, svo og skilríki fyrir því, að hann hafi samið skýrslurnar og framkvæmt verkið án aðstoðar annara, enda skal hann hafa unnið að endurskoðun eigi skemur en 3 ár.

Prófnefnd getur krafði frekari útskýringa á sendum skýrslum eftir því sem hún telur þörf, og er prófnefndin hefir sameiginlega yfirfarið skýrslur þessar, skal umsækjandi munnlega svara fyrir nefndinni þeim spurningum, sem hún telur nauðsyn á að leggja fyrir hann, til að reyna þekkingu hans í verklegri framkvæmd endurskoðunar og bókhalds. Heimilt er nefndinni og, að leggja fyrir umsækjanda verkefni til skriflegrar úrlausnar, ef hún telur þess þörf.

2. Bóklega prófið:

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt og skal prófað í

- a) Almennri viðskiftafræði.
- b) Verzlunarrétti.
- c) Verzlunarreikningi.

Ad. a) Umsækjandi skal þekkja í höfuðatriðum og geta gert grein **18**
 fyrir: Upphafi og þróun verzlunarinnar; mismunandi greinum **27. marz**
 hennar; réttindum og skyldum verzlunarstéttarinnar; hinum
 mismunandi félagamyndunum í verzlunarheiminum.

Ad. b) Umsækjandi skal kunna full skil á helztu skjölum, sem fyrir
 koma í verzlunarlífínu, og þekkja reglur laganna um bókhald,
 endurskoðun og verzlun. Hann skal og þekkja reglur þær, sem
 gilda um kaup og sölu, lán til eignar, víxla, tékka og aðrar
 ávísanir, váttryggingar, ábyrgð og veð; helztu reglur félagsrétt-
 arins og meðferð dánarbúa og þrotabúa, (þar undir reglurnar
 um nauðasamninga með eða án gjaldþrotaskifta), og skattalög-
 gjöfina.

Sá, sem lokið hefir fullnaðarprófi í lögum eða hagfræði er und-
 anþeginn hinu bóklega prófi, í þeim greinum.

6. gr.

Við prófið skulu gefnar einkunnir samkvæmt einkunnarstiga
 Örsteds, fyrir verklega prófið 4 einkunnir, en hið bóklega 3, samanlagt
 fyrir munnlegt og skriflegt í hverri grein.

Til að standast verklega prófið þarf 20 stig en til að standast
 hið bóklega próf 10 stig.

Báðum prófunum skal lokið innan árs frá dagsetningu svars
 prófnefndar við umsókninni, enda er nefndinni skylt að tilkynna um-
 sækjanda, svo fljótt sem unnt er hvort hann fullnægi þeim skilyrðum,
 sem útheimtað til að ganga undir prófið.

Standist umsækjandi eigi prófið, getur hann eigi tekið það á ný
 fyr en eftir 1 ár.

7. gr.

Hafi umsækjandi staðizt prófið og uppfyllt önnur skilyrði fyrir
 löggildingu, skal hann um leið og hann fær skírteini hjá ráðuneytinu
 undirskrifa svohljóðandi drengskaparheit:

Jeg undirritaður lofa hérmeð, að viðlögðum drengskap, að leysa
 af hendi endurskoðunarstörf mín eftir beztu þekkingu og vitund, og
 halda leyndu fyrir óviðkomandi mönnum öllu því, er eg kann að fá
 vitneskju um við endurskoðunina og fylgja öllum reglum og fyrirmæl-
 um, sem sett eru eða sett kunna að verða um starf mitt.

8. gr.

Löggildingarskírteinið skal sýnt og áritað í atvinnumálaráðu-
 neytinu fimmta hvert ár, til þess að það haldi gildi sínu. Falli áritun niður
 getur endurskoðandi fengið löggildinguna endurnýjaða að fengnum
 meðmælum prófnefndar.

18
27 marz

II. KAFLI.

Verksvið.

9. gr.

Löggiltur endurskoðandi hefir heimild til að framkvæma starf sitt hvar sem er á landinu.

Skal hann byggja álit sitt á nákvæmri rannsókn og athugun á öllum þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, enda á hann heimtingu á, að fá afhentar allar bækur og skjöl, er snerta starf það, sem framkvæma á, svo og allar upplýsingar frá viðkomandi mönnum, er hann telur sér nauðsynlegar í því sambandi.

10. gr.

Löggiltur endurskoðandi getur ekki — með sömu verkun og endranær — framkvæmt endurskoðun hjá þeim stofnunum, einstaklingum eða félögum, þar sem skyldleiki hans eða persónulegur hagnaður getur haft áhrif á álit hans eða úrskurð og sker atvinnumálaráðherra úr, ef ágreiningur kann að rísa um þetta atriði.

11. gr.

Ef deilur verða um gjöld fyrir störf löggilts endurskoðanda, sker atvinnumálaráðuneytið úr ef aðiljar óska, enda verða þá slík mál eigi borin undir dómstólana.

III. KAFLI.

Ýms ákvæði.

12. gr.

Löggiltir endurskoðendur sæta sömu viðurlögun fyrir brot í starfi sínu sem sýslunarmenn.

13. gr.

Löggiltir endurskoðendur mega ekki hafa fleiri aðstoðarmenn en svo, að þeir geti fylgt nákvæmlega starfi þeirra, og bera þeir fulla ábyrgð á störfum aðstoðarmanna.

14. gr.

Löggilding fellur niður:

1. Ef löggiltur endurskoðandi missir eitthvert þeirra skilyrða, sem krafizt er í 3. gr. a—e lið,

Þó getur sá, sem misst hefir umráð yfir búi sínu, og af þeim 18
orsökum tapað löggildingu, öðlast hana aftur, er hann á ný fær full 27. marz
umráð yfir því, annaðhvort við það, að hann hefir greitt skuld-
heimtumönnum sínum að fullu, eða náð nauðasamningum við þá,
enda má þá og krefjast prófs að nýju, telji prófnefnd það æskilegt.

2. Ef löggildingarskírteinið er ekki sýnt til lögboðinnar áritunar inn-
an tiltekins tíma.
3. Ef hann segir af sér starfinu.

Falli löggilding úr gildi, skal nafn hlutaðeiganda strikað út
af skrá um löggilta endurskoðendur, sem haldin er af atvinnumála-
ráðuneytinu.

15. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.